

Minnispunktur vegan fundar með Atvinnuveganefnd 6. júní 2016

Hólmgeir Karlsson, framkvæmdastjóri Bústólpa ehf.

Mikilvægi stuðnings við landbúnað og matvælavinnslu landsins:

- Landbúnaðurinn er grunnstoð í íslensku samfélagi og afar mikilvægur fyrir byggð í landinu
- Landbúnaðurinn er grunnur að byggð viðast hvar í dreifðum byggðum landsins
- Fæðuöriggi þjóðarinnar
- Landbúnaðurinn skilar margfalt til baka þeim stuðningi sem veittur er
 - Ath samantekt HK um Eyfirskan landbúnað

Stuðningur við landbúnaðinn er og hefur allta fyrst og fremst verið stuðningur við neytendur:

- Neytendum tryggður aðgangur að heilnæmum vörum á lægra verði
- Var upphaflega hluti af samningum ríkis og verkalýðsfélaga um kjör hinna lægst launuðu

Galla á samningnum:

- Núverand B og C greiðslur sameinaðar og greiddar á alla mjólk => greitt með útflutning
- Viðskipti með greiðslumark torvelduð, sem torveldar aðilaskipti og eðlilega þróun og hagræðingu í greininni
- Stærri hluta stuðnings varið í gripagreiðslur => letur ræktunarstarf og stuðlar að óhagkvæmari framleiðslu
- **Allar hugmyndir um afnám kvóta og eitt verð eru fullkomlega óraunhæfar tillögur**

Tollasamningarnir

- Aðför að landbúnaði og sátt þjóðarinnar um mikilvægi eigin matvælaframleiðslu
- Mikilvægur hluti af vörnum hvers lands við sinn landbúnað
- Ekki raunhæft að ætla íslenskum landbúnaði að keppa við vanverðlagðar og niðurgreiddar vörur Evrópusambandsins

Ætlar íslenskt samfélag að fórna sínum landbúnaði og matvælaframleiðslu:

- Landbúnaður Evrópu, bændur berjast í bökkum
- Næstu nágirannar, Danir og Svíar í mjög slæmum málum
- Noregur og Ísland einu þjóðirnar sem hafa fram til þessa varið sinn landbúnað

Frumvarpið:

- Tryggja þarf að lagaramminn sé til staðar verði við endurskoðun ákveðið að halda kvótakerfinu (Endurskoðanir 2019 og 2023 á mjólkursamning)
- Tryggja tollverndina áfram. Verðtrygging á tollvernd.

Hvers vegna þurfum við framleiðslustýringu og hvers vegna gengur ekki upp að hafa eitt verð á mjólk til bænda?

(Hluti af grein sem rituð var í umræðum um búvörusamninga á lokuðum vef FB – ritað 5/12 2015)

Allt sem þarf að vita til að komast að þeirri niðurstöðu er að óraunhæft er að ná verðum í útflutningi á mjólkurvörum sem staðið geta undir framleiðslukostnaði hér og sú staðreynd að bændur geta framleitt miklu meiri mjólk en þörf er á fyrir innanlandsmarkað ef opnað er á það með frjálsri framleiðslu.

Hvorttveggja sýnir sagan okkur og eins staðan nú eftir að frameiðslan var gefin frjáls í kjölfar mjólkurvöntunar í árslok 2013.

Í dag er verð til bænda, afurðastöðvaverðið, um 85 kr á lítra að meðaltali og nærri 130 kr pr lítra þegar beingreiðslustuðningurinn er talinn með. Á sama tíma er þekkt að 25 kr pr lítra er það besta verð sem tekst að ná fyrir mjólkurvörur að meðaltali í útflutning.

Ljóst er því að verulegt tap er af framleiðslu á umfram mjólk og markaðssetningu hennar á erlendum mörkuðum. Í ár stefnir í 12 milljón lítra umframframleiðslu sem þýðir að greiða þarf með þeirri mjólk um 700 milljónir kr samanborið við það sem fæst á innlendum markaði. Þar sem lofað hefur verið fullu verði fyrir alla mjólk er ljóst að þetta er tap sem MS þarf að taka á sig.

Við erum síðan að tala um stærri tölu fyrir árið 2016 þar sem ljóst er einnig að mjólkurframleiðslan mun vaxa áfram. Sjálfur hef ég áætlað að sú tala geti orðið allt að 1.200 milljónir á árinu 2016.

Öllum má ljóst vera að slíkar upphæðir verða ekki bornar uppi af mjólkurvinnslunni og mun þetta ganga mjög nærri rekstri MS á þessum tveimur árum. Ekkert bendir til þess að líklegt sé að hægt verði að fá hærra verð á erlendum mörkuðum fyrir mjólk frá Íslandi í náinni framtíð.

Þrátt fyrri skyr útflutning sem mikil spennan hefur verið byggð upp í kringum þá er það því miður staðreyndin að sá útflutningur er ekki að skila arði og ekkert til að byggja á. Leyfisgjöld af framleiðslu skyrs erlendis eru hinsvegar að skila kærkomnum tekjum sem mikilvægt er að nýta til fulls og hámarka. Ekkert er þó eilíft í slíku og slík framleiðsluleifi hafa tilhneigingu til að fjara út rétt eins og leifisgjöld sem við greiddum til Svíþjóðar fyrir að fá að framleiða Smjörva á Íslandi (Breggátt frá Svíþjóð) og LGG og fleiri vörur sem MS hefur framleitt með leifi frá Valio í Finnlandi og greitt leifisgjöld fyrir. En er á meðan er og sjálfsgagt að nýta það eins og kostur er, en við meigum hinsvegar ekki láta það hverfa í tapi á útflutningi á mjólk héðan sem lítið fæst fyrir. Þetta eru tekjur sem eiga að skila sér alla leið til bænda á Íslandi.

Það er því alger grunnforsenda nú að ná tökum á framleiðslunni á ný þannig að hún miðist við að sinna þörfum innanlandsmarkaðarins og eftir standi hóflegt magn mjólkur á hverjum tíma til að sinna litlum sprotum sem geta skapast í útflutningi.

Minnisblað/Hólmgeir Karlsson, framkvæmdastjóri Bústólpa ehf.

Upphafs pistillinn minn á Facebook um búvörusamningana:

<https://www.facebook.com/groups/1028464033884769/permalink/1031347646929741/>

Áhrif af því að hverfa frá framleiðslustýringu og hafa eitt verð fyrir alla mjólk

Dæmi um bú með 400 þús lítra greiðslumark í mjólk

Sett upp ef umfram mjólkurframleiðsla væri 25 milljónir lítra umfram greiðslumark uppá 136 milljónir lítra.

Lækkun á afurðastöðvaverði til slíks bús yrði rúmar 4 milljónir kr eða sem nemur stórum hluta launaliðar á slíku búi.

Upphafleg samningsdrög

- Horfið frá kvótakerfi
- Eitt verð á alla framleidda mjólk
- Ríkisstuðningur
 - A greiðslur fylgi býli, og síðan lækkaðar í þrepum
 - B og C greiðslum slegið saman og greiddar á alla mjólk
 - Gripagreiðslur tvöfaldaðar á fyrsta ári samnings
 - Opinberri verðlagningu hætt

| Breyting á verði | kr/ltr | |
|---------------------------------------|--------|----------------|
| 136.000.000 | 85 | 11.560.000.000 |
| 25.000.000 | 20 | 500.000.000 |
| 161.000.000 | | 12.060.000.000 |
| Meðalverð á alla mjólk | | 74,91 |
| Bú með 400 þús lítra | | -4.037.267 kr. |
| verðlækkun á afurðastöðvaverði | | |

Afleiðingar:
Hvati til að framleiða ennþá meira
Samkeppni um ríkisstuðning
Mjólkurverð til bænda hrífalið
Gripagreiðslur – óhagkvæmari framleiðsla

Við 25 milljón lítra
umframframleiðslu
Afurðarstöðvaverð fallið
úr 85 kr í 75 kr pr ltr

Verð í dag um 130 kr með
beingreiðslum

Erindi fyrir Arion banka - Hólmgeir Karlsson,
Bústólpa ehf. 20. apríl 2016

Staða landbúnaðar og matvælaframleiðslu við Eyjafjörð

Landbúnaður og matvælaframleiðsla eru ein meginstoð byggðar við Eyjafjörð og nágrenni. Svæðið er eitt öflugasta svæði landsins í frumframleiðslunni, mjólkur og kjötframleiðslu, ásamt fóðuriðnaði og öflugum úrvinnslufyrirtækjum bæði í mjólk og kjöti. Þá er einnig á svæðinu fjöldi fyrirtækja sem þjónusta greinina. Svæðið er því einnig eitt mikilvægasta svæði landsins þegar kemur að því að uppfylla stefnu þjóðarinnar varðandi matvælaframleiðslu og matvælaöryggi.

Ef tekin eru störf í landbúnaði á svæðinu ásamt úrvinnslufyrirtækjunum í mjólkur og kjötiðnaði, fóðurframleiðslu og helstu aðilum í þjónustu við landbúnaðinn má gróflega áætla að samanlögð ársvelta þessara greina sé ekki undir 28 milljörðum króna og rétt tæplega 1.000 starfi við greinina.

Nýgerður milliríkjasamningur milli Íslands og Evrópusambandsins (ESB) um viðskipti með búvörur og gagnkvæma niðurfellingu tolla á þeim vekur ugg varðandi framtíðarhorfur landbúnaðar og matvælaíðnaðar hér. Auk þess er þessi samningur gerður án samráðs eða samtala við hagsmunaaðila í greininni og í algjörrri andstöðu við gildandi samninga um starfskilyrði greinarinnar sem og stefnu stjórnvalda um matvælaframleiðslu landsins.

Er það mat okkar að afnám tolla í þeim mæli sem samningarnir geri ráð fyrir geti haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir landbúnað og matvælavinnslu á Íslandi. Augljósust eru áhrifin sem strax myndi gæta í alifugla- og svínarækt, en veiking þeirra greina myndi síðan strax hafa áhrif inni mjólkur og kjötgreinarnar þar sem m.a. fóðurframleiðsla og slátrun og úrvinnsla yrði óhagkvæmari eftir og önnur þjónusta við landbúnainn einnig dýrari.

Við getum ekki ætlað íslenskum landbúnaði og matvælavinnslu að standast opna samkeppni við massaframleiðslu matvæla, sem oft eru af allt öðrum og lakari gæðum og framleidd í allt öðru efnahagsumhverfi en okkar. Efnahagsumhverfi þar sem verðlag er lægra og laun og annar framleiðslukostnaður því einnig lægri.

Markmið okkar er að framleiða matvæli af hæstu gæðum, sem byggja á hreinleika og gæðum landsins, landbúnaði og matvælavinnslu í sátt við umhverfi sitt. Matvörur sem eru hollari en gengur og gerist. Slíkar matvörur eiga einnig að eiga sóknarfæri á alþjóðamarkaði með síaukinni eftirspurn eftir öruggum og heilnæmum matvælum. Markmið þjóðarinnar er einnig að vera sjálfri sér nóg um öll helstu matvæli og skapa þannig öryggi í fæðuöflun.

Ótalin eru einnig fjölmörg önnur samfélagsáhrif af samdrætti í landbúnaði á landsbyggðinni. Ástæða er þó til að nefna sérstaklega að landbúnaðurinn sem grunnur að byggð á landsbyggðinni er ein af grunnforsendum þess að ferðaþjónustan getur vaxið og dafnað.

Með slíkum aðgerðum eins og þessum tollalækunum nú er því verið að kasta á glægríðarlegum verðmætum og afleiðingarnar fyrir samfélagið geta verið mjög miklar.

Að farið sé í slíkar aðgerðir undir því yfirskeyni að þetta eigi að vera neytendum til góða þar sem matvælaverð muni lækka eru lítil rök, því fátt bendir til þess í dag að slíkt muni leiða til lægra verðs til lengri tíma litið. Miklar efasemdir eru einnig þegar komnar fram um að slíkt muni yfir höfuð skila sér úti verðlagið.

Stefna stjórnvalda um landbúnað er einnig skýr, en þar segir meðal annars „*Ríkisstjórnin lítur á landbúnað sem eina af mikilvægustu atvinnugreinum framtíðarinnar. Vaxandi eftirspurn eftir mat á heimsvísu skapar íslenskum landbúnaði sóknarfæri með möguleikum á aukinni framleiðslu og margbreytilegum afurðum. Ríkisstjórnin mun gera íslenskum landbúnaði kleift að nýta þau sóknarfæri sem greinin stendur frammi fyrir. Með það fyrir augum er brýnt að kanna með hvaða hætti er unnt að auka verðmætasköpun og nýta sem best tækifærin sem felast í sveitum landsins*“.

Við skorum því á þingmenn að taka málið upp og að þessir samningar verði ekki staðfestir af Alþingi nú, en þess í stað einbeiti menn sér að því strax á haustþingi að undirbúa nýja samninga um starfsskilyrði landbúnaðarins til lengri tíma, en núverandi samningar (búvörusamningur) renna út í lok næsta árs. Tollamál eru og hafa verið hluti af þeim samningum og því rökrétt að ákvarðanir um breytingar á þeim verði teknar samhliða gerð nýrra samninga við greinina til lengri tíma.

Nokkrar staðreyndir um matvælavinnslu á Íslandi:

- Skv. Hagstofu Íslands var velta kjötiðnaðar, mjólkuriðnaðar og fódurframleiðslu á landsvísu 91,4 milljarðar árið 2014.
- Skv. Hagstofu Íslands var velta matvælaframleiðslu án fiskvinnslu 127,5 milljarðar á landsvísu árið 2014.
- Vinnsla á mjólkur- og kjötafurðum er umfangsmikil atvinnustarfsemi í landinu. Áætluð velta í greininni er um 60 milljarðar og gróflega áætlað starfa milli tvö og þjú þúsund manns í afurðastöðvum í mjólkur- og kjötiðnaði (Heimild SI)
- Matvælaiðnaður á Íslandi er ein af stærstu undirgreinum iðnaðarins með rúm 17% af heildarveltu í iðnaði. Þá er fiskvinnsla ekki talin með. Í matvælaiðnaði störfuðu á síðasta ári um 4000 manns sem nemur 12,7% af störfum í iðnaði eða 2,9% af heildarvinnuafli í landinu (Heimild SI).

Áhrif nýrra samninga Íslands við ESB um viðskipti með landbúnaðarvörur

Helstu atriði sem varða innflutning á vörum frá ESB eru eftirtalin:

- Tollur fellur niður af öllu súkkulaði, kakódrykkjum, tilbúnum bökunarvörum og blöndum og deigi til brauð- og kökugerðar, mæónesi, ýmsum sósum, súpum og fleiru.
- Tollur á rjómaís, kartöflulögur og franskar kartöflur lækkar um 40%.
- Tollkvótar fyrir kjöt og mjólkurvörur aukast sem hér segir:

Unnin
kjötvara
úr 150
tonnum í
800 tonn

- Nautakjöt úr 100 tonnum í 696 tonn í áföngum á fjórum árum, => 25-30% af markaði. Markaður 3.500-4.000 tonn / ESB 7,3 milljónir tonna
- Svínakjöt úr 200 tonnum í 700 í áföngum á tveimur árum, => 12% af innlendri framleiðslu (6.000 tonn). Danmörk 1,9 milljónir tonna, ESB 22 millj. tonna
- Alifuglakjöt úr 200 tonnum í 856 í áföngum á tveimur árum,
- Lífrænt eða free range alifuglakjöt úr engu í 200 tonn í áföngum á tveimur árum] => 1.053 tonn eða 13% af innlendri framleiðslu (8.000 tonn). ESB 13 milljónir tonna
- Þurrkað, saltað eða reykt kjöt (hrápylsur og skinkur) úr 50 tonnum í 150 í tveimur áföngum.
- Ostur sem ber verndað heiti með tilvísun til uppruna úr 20 tonnum í 230 í áföngum á fjórum árum.] => Samtals 610 tonn sem er 10% af innanlandsmarkaði á osti
- Annar ostur úr 80 tonnum í 380 tonn á fjórum árum.
- Pylsur í kafla 1601 úr 50 tonnum í 250 tonn á tveimur árum.
- Unnar kjötvörur úr kafla 1602 (ýmis konar kæfur og álegg) úr 50 tonnum í 400 tonn á þremur árum.] => 100 tonn í 650 tonn

Á móti fellir ESB niður toll af öllu súkkulaði, kakódrykkjum, tilbúnum bökunarvörum og blöndum og deigi til brauð og kökugerðar, mæónesi, ýmsum sósum, súpum og fleiru og opnar fyrir eða eykur tollkvóta inn í ESB sem hér segir:

- Kindakjöt úr 1850 tonnum í 3050 tonn í áföngum á þremur árum.
- Unnið kindakjöt í kafla 1602 úr engu í 300 tonn í áföngum á þremur árum.
- Svínakjöt úr engu í 500 tonn í áföngum á tveimur árum.
- Alifuglakjöt úr engu í 300 tonn í áföngum á tveimur árum.
- Skyr úr 380 tonnum í 4000 tonn í áföngum á fjórum árum.
- Smjör úr 350 tonnum í 500 tonn í áföngum á fjórum árum.
- Ostur úr engu í 50 tonn í áföngum á fjórum árum.
- Kvóti fyrir pylsur í kafla 1601 verður 100 tonn eins og verið hefur.

Bændur hafa aldrei fengið krónu í styrk frá ríkinu

(Grein birt í Bændablaðinu 2015)

Umræður síðustu vikna í samfélaginu hafa á margan hátt verið bændum afar óhliðhollar og ósanngjarnar. Lítilsháttar verðhækkun til bænda á mjólk hefur fengið umfjöllun eins og um stófrétt væri að ræða. Verkalýðsfélögin hafa sagt sig frá starfi Verðlagsnefndar búvöru eftir að hafa haldið nefndinni í gíslingu í lengri tíma með því að tilnefna ekki fulltrúa eins og til stóð. Fráleit umfjöllun um ríkisstyrki til landbúnaðar þar sem verslunin slær sér á brjóst og menn ganga jafnvel svo langt að halda því fram að Bændasamtökin, stéttarfélag bændanna, þrífist á ríkisstyrkjum.

Hinn eini rétti sannleikur málsins er sá að bændur hafa aldrei fengið krónu í ríkisstyrk. Stuðningurinn sem fer frá ríki gegnum beingreiðslurnar til bænda er og hefur alltaf verið stuðningur til neytenda í formi verðlækkunar á nauðsynjavöru sem öll heimili þurfa á að halda og með því móti verið unnið að betri hag þeirra sem mest þurfa á að halda. Þetta veit launþegahreyfingin mæta vel, þó hún hafi nú flúið af hólmi og vilji ekki vera aðili að opinberri verðlagningu á mjólk lengur.

Upphaf all þessa má rekja til þess er ákvörðun var tekin um að greiða niður verð á mjólkurvörum til neytenda í því skyni að bæta kjör þeirra lægst launuðu. Það var ekkert lögmál þá að þessi stuðningur ríkisins til neytenda færi í gegnum mjólkurvörur, því á þeim tíma var rætt um fleiri leiðir eins og t.d. niðurgreiðslu á olíuverði. Samtökum bænda og mjólkuriðnaðinum var einfaldlega talið best treystandi til að koma þessum peningum, styrkjum frá ríkinu, óskertum til neytenda.

Þannig var það því um langt skeið að neytendur nutu lægra verðs á mjólkurvörum vegna niðurgreiðslna frá ríkinu. Framkvæmdin var þannig að bændur fengu greitt fullt skráð verð á mjólk á hverjum tíma, en mjólkursamlögin fengu síðan greitt ákvena krónutölu með hverri seldri einingu af mjólkurvörum. Útsöluverðið var þá einnig ákvarðað í opinberri verðlagningu. Á þessum tíma var ekki talað um ríkisstuðning til bænda, enda var hann ekki til, einungis stuðningur til neytenda sem bændum og fyrirtækjum þeirra var treyst fyrir að koma til neytenda.

Tilvist beingreiðslna til bænda snýr umræðunni bændum í óhag.

Þegar núverandi greiðslumarkskerfi (kvótakerfið) var tekið upp var með einu pennastriki ákveðið að þeim fjármunum sem ríkið hafði varið til niðurgreiðslna á mjólkurvörum til neytenda skildi breytt í beingreiðslur til bænda sem tengdar væru útgefnu greiðslumarki eða kvóta hvers framleiðanda. Með þessu móti fékkst mun einfaldara kerfi til að viðhalda þessum niðurgreiðslum til neytenda á mjólk. Engu öðru var í raun breytt, mjólkín áfram undir opinberri verðlagningu bæði hvað varðar verð til

bænda og verð á öllum helstu grunn vörutegundunum. Á þessum tíma sátu saman í verðlagsnefnd búvöru, sem þá hét reyndar 6 mannanefnd, fulltrúar bænda, vinnslunnar og fulltrúar frá verkafélögum. Þá ríkti skilningur á þessu kerfi og tilgangi þess, en nú þegar árin hafa liðið hefur umræða um þessi mál farið mjög á skjön við raunveruleikann og bændur og samtök þeirra þurfa sífellt að verja tilvist sína og allt of oft heyrir maður sleggjudóma eins og að hætta eigi öllum ríkisstyrkjum til bænda og menn hrópa um leið á óheftan innflutning í leit að lægra vöruverði.

Íslenskur landbúnaður er grunnstoð – ein af mikilvægustu atvinnugreinum landsins

Nú verðum við að taka höndum saman og snúa þessari vitleysu við áður en það verður um seinan. Stuðlum að upplýstri umræðu um landbúnað, tókum höndum saman um að allir fái skilning á þessa einföldu setningu: „bændur hafa aldrei fengið krónu frá ríkinu.“

Á sama tíma þurfum við að setja fram skipulega hver gildi landbúnaðarins eru fyrir samfélagið. Hvers vegna við sem þjóð þurfum að framleiða matvæli. Hvers vegna okkar matvæli eru betri en gengur og gerist. Fá fram réttlátan samanburð á sambærilegum matvælum hér og í nágrennalöndunum þar sem tekið er mið af lífskjörum og verðlagi almennt. Fá fram mynd af virðisbæturinni allri þar sem fram kemur hver hlutur bænda er í verðlagningunni og hver hlutur milliliða og verslunar er. Ef við vinnum þetta skipulega þá er ég þess fullviss að samfélagið mun í ríkara mæli taka upp málstað bænda á ný og hætta að hlaupa eftir æsifrættum hvort heldur þær koma frá óvinveittum stjórnmálaflokkum, aðilum innan verslunargeirans eða jafnvel úr umræðum meðal bændanna sjálfra.

Bændur þurfa að tala einni röddu

Í lokin er ástæða til að brýna fyrir bændum að taka höndum saman í hagsmunabaráttu stéttarinnar og láta ekki innri ágreining um einstök mál verða að stóru málunum í umfjöllun, hvort heldur er á saklausum samskiptasíðum eða í fjölmiðlum. Bændur og félög þeirra þurfa að senda samfélaginu skír og rétt skilaboð um mikilvægi þess að við byggjum landið með heilbrigðum landbúnaði.

Hugleiðingar í ágúst 2015

Hólmgeir Karlsson

Framkvæmdastjóri Bústólpa ehf. Á Akureyri